# Rafrænt umsóknarblað fyrir rekstraraðila mengandi starfsemi

*Umhverfisstofnun / 29.5.2017 17:16*

## Upplýsingar um rekstraraðila

Samkvæmt reglugerð 785/1998 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun eiga eftirfarandi upplýsingar um starfsemina að koma fram:

| | |
|---|---|
| Ábyrgðarmaður umsóknar | Haukur Einarsson |
| Sími ábyrgðarmanns | 422 3016 |
| Netfang ábyrgðarmanns | haukur@mannvit.is |
| Nafn fyrirtækis | Skeljungur hf. |
| Kennitala fyrirtækis | 590269-1749 |
| Starfsstöð fyrirtækis | Borgartún 26 |
| Póstnúmer og staður | 105 Reykjavík |
| Sími fyrirtækis | 444 3000 |
| Netfang fyrirtækis | skeljungur@skeljungur.is |
| Tengiliður fyrirtækis ef annar en ábyrgðarmaður umsóknar | Bergsteinn Hjörleifsson |
| Sími tengiliðs | 840 3066 |
| Netfang tengiliðs | bh@skeljungur.is |

## Uppýsingar um atvinnurekstur

Lýsið tegund og umfangi atvinnurekstrar, sem og umfangi einstakra rekstrarþátta ef við á

Skeljungur rekur birgðastöð fyrir gasolíu (AGO), skipadísilolíu (MDO) og svartolíu (IFO) á hafnarsvæðinu á Eskifirði. Alls eru í stöðinni fimm meginolíugeymar og einn lítill geymir fyrir úrgangsolíu; heildarrýmd geyma er 9.150 m³. Stærstu geymarnir tveir eru staðsettir í nyrðri varnarþró og hinir fjórir í syðri varnarþró. Báðar þrærnar eru steinsteyptar með steyptum botnplötum. Geymarnir tveir í nyrðri þrónni eru 3.500 m³ hvor, annar er notaður fyrir gasolíu og hinn fyrir skipadísilolíu. Í syðri þrónni eru tveir 540 m³ geymar fyrir gasolíu, einn 1.030 m³ geymir fyrir svartolíu og einn 40 m³ geymir fyrir úrgangsolíu. Athygli er vakin á því að meginolíugeymarnir þrír í syðri varnarþrónni eru ekki í notkun og verða ekki teknir aftur í notkun uns gert hefur verið við þróna og staðfest með prófunum að lekavarnir uppfylli kröfur samkvæmt reglugerð nr. 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.
Á lóð birgðastöðvarinnar er auk þess aðstaða fyrir blöndun bætiefna, áfyllingu og losun olíuflutningabíla, löndun olíu úr skipum, lestun olíu í skip, dælingu eldsneytis til fiskimjölsverksmiðu Eskju og annar búnaður í samræmi við kröfur reglugerðar nr. 35/1994. Frárennsli er frá báðum þrónum til olíuskilja og áfyllingarplan er með sérfrárennsli sem fer um sandskilju og þaðan til olíuskilju. Sjálfvirkt er lokað fyrir frárennsli ef olía greinist í frárennslinu.

| | |
|---|---|
| Uppdrættir af staðsetningu | Yfirlitsmynd_Eskifjörður.pdf |
| Afrit af staðfestu deiliskipulagi | Deiliskipulag_Eskifjörður.pdf |
| Lýsið staðháttum við vinnslustað (rekstrarsvæði) | Eskifjörður_staðhættir.pdf |
| Hvaða efni og orka eru notuð við framleiðsluna? | Gasolía, skipadísilolía og svartolía auk bæti- og litarefna til íblöndunar. |

Hver er fyrirsjáanleg losun framleiðslunnar?

Losun vatns úr lekaþróm og af áfyllingarplani er um olíuskilju í fráveitukerfi Eskifjarðar.
Sjá greinargerð um áhrif olíumengunar á eftirfarandi slóð:
http://eldri.ust.is/media/ljosmyndir/mengun/Olia_-_upplys._til_fjolmidla.pdf

Ísland skilar losun á eftirfarandi efnum skv. CLRTAP og UNFCCC. Rekstraraðilar er falla undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir skila gögnum um losun gróðurhúsalofttegunda skv. lögum nr. 70/2012. Vinsamlegast tilgreinið þá losun í loft sem á sér stað í þeim einingum sem gefnar eru upp í skjalinu. Ef um er að ræða aðra losun er hér er talin upp má bæta við efnum neðst í skjalið.

Fyllið út og skilið inn þessu skjali: Listi skil til althjodasamninga.xlsx

Losunartölur vegna alþjóðasamninga

## Áhrif á umhverfið

| | |
|---|---|
| Hver eru áhrif losunar á umhverfið? | Áhrif losunar á umhverfið.pdf |

Hvaða mengunarvarnir verða valdar til að hindra eða draga úr losun út í umhverfið?

Allir olíutankar eru í lekaþróm í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 35/1994. Frárennsli frá lekaþróm er með sjálfvirkum lokum sem loka ef olíu verður vart. Frárennslið fer um viðurkenndar olíuskiljur og frárennsli frá áfyllingarplani fer auk þess um sandskilju áður en það fer til olíuskilju.
Eftirlit er með öllum búnaði í samræmi við rekstrarhandbók og kröfur reglugerða og botnar olíugeyma eru reglulega þykktarmældir.

| | |
|---|---|
| Hverjar eru áætlaðar aðgerðir til að fylgjast með losun út í umhverfið? | Eskifjörður_áætlaðar aðgerðir til að fylgjast með losun út í umhverfið.pdf |

Lýsið tilhögun innra eftirlits vegna losunar út í umhverfið

Sett hefur verið upp eftirlitskerfi tengt rekstrarhandbók olíubirgðastöðvarinnar. Þar eru skráðar niðurstöður reglulegs eftirlits með mengunarvörnum, mögulegri losun og fyrirbyggjandi viðhald (sjá kafla 3 í núgildandi starfsleyfi).

Lýsið ráðstöfunum til að koma í veg fyrir myndun úrgangs

Skeljungur leggur áherslu á snyrtilega umgengni og að nota eldsneyti með bestu gæðum til að lágmarka myndun á úrgangi. Úrgangsolíu, olíusora og sandi úr sandskiljum er safnað af viðurkenndum söfnunaraðila. Olíublautum þurrkum og ísogsefni er safnað í þar til gerð ílát og sent til viðurkenndrar móttökustöðvar fyrir slík efni til endurvinnslu eða eyðingar. Skeljungur tekur á móti úrgangsolíu sem síðan er send til Reykjavíkur.

| | |
|---|---|
| Lýsið tegund og magni úrgangs sem fellur til við framleiðsluna | |
| Lýsið því hvort aðferðir sem valdar hafa verið til að draga úr mengun, komi til með að valda mengun annarsstaðar | Olíuefni sem eru hreinsuð úr frárennsli eru spilliefni sem skila þarf til móttökustöðvar fyrir slík efni. |
| Munu losunarþættir viðkomandi reksturs hafa í för með sér sammögnunaráhrif? | Regluleg losun á mengunarefnum frá stöðinni á ekki að vera nein. Því ættu engin sammögnunaráhrif að eiga sér stað. |

## Annað

Sýniseintök af áætlunum til viðmiðunar:

Áætlun vegna rekstrarstöðvunar; (Sýniseintak)
Viðbragsáætlun vegna bráðamengunar (Sýniseintak)

Samantekt sem er ekki á tæknimáli um þau atriði sem fram koma í umsókninni.

Skeljungur rekur olíubirgðastöð á hafnarsvæðinu á Eskifirði. Allur búnaður í stöðinni er í samræmi við tilskyldar kröfur. Engin regluleg losun á mengunarefnum er frá stöðinni en úrgangi er safnað saman og hann sendur til viðurkenndrar móttökustöðvar fyrir spilliefni. Eftirlit er haft með öllum búnaði og prófanir og mælingar framkvæmdar reglulega í samræmi við tilhlýðilegar reglur.

| | |
|---|---|
| Annað sem umsækjandi vill koma á framfæri | |
| Áætlun vegna tímabundinnar rekstrarstöðvunar | Eskifjörður - Áætlun vegna rekstrarstöðvunar.pdf |
| Áætlun vegna varanlegrar rekstrarstöðvunar | Eskifjörður - Áætlun vegna rekstrarstöðvunar.pdf |

Umsókn um starfsleyfi fyrir starfsemi sem getur valdið bráðamengun á hafi eða ströndum vegna eðlis starfseminnar og/eða nálægðar hennar við sjó og talin er upp í a-lið í viðauka I í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda skal auk þess fylgja:

| | |
|---|---|
| Staðfesting á að starfsemin hafi tryggingu í samræmi við lög nr. 33/2004 | Skeljungur hf. - Ábyrgðartrygging vegna bráðamengunar.pdf |
| Áhættumat vegna bráðamengunar hafs og stranda | Áhættumat vegna bráðamengunar_Eskifjörður.pdf |
| Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda | Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar_Eskifjörður.pdf |
| Viðbragðsáætlunin skal byggja á (áhættumati) | |
| Viðbótargögn | |
| Viðbótargögn | |